

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Styrktarsjóður Sólvangs.

### 1. gr.

Stofnunin heitir Styrktarsjóður Sólvangs, sjálfseignarstofnun og skal nafnið ritað Styrktarsjóður Sólvangs. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

### 2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins skal vera að Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði.

### 3. gr.

Stofnendur eru fjórir: a) Minningarsjóður Bjarna Pálssonar og Sólveigar Sigurðardóttur, b) Minningarsjóður Jóns Bjarnasonar, c) Gjafa- og tækjasjóður Sólvangs og d) Vinnustofa Sólvangs.

Stofnféð er kr. 28.500.000 – tuttuguogáttamilljónirogfimmhundruðþúsundkrónur – sem skiptist þannig milli stofnenda: Minningarsjóður Bjarna Pálssonar og Sólveigar Sigurðardóttur er með kr. 20.200.000 sem stofnfé. Minningarsjóður Jóns Bjarnasonar er með kr. 1.700.000. Gjafa- og tækjasjóður er með kr. 1.900.000. Og Vinnustofa Sólvangs er með kr. 4.700.000 sem stofnfé. Stofnféð eru framlög stofnenda/gefenda ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem safnað hefur verið í því skyni að auka fjölbreytni í lífi vistmanna, sem nánar er greint frá í grein 4 hér á eftir.

Inn í framlagi frá Minningarsjóði Bjarna Pálssonar og Sólveigar Sigurðardóttur er fasteignin Lyngheiði 20 í Hveragerði. Hún er metin í fasteignamati á kr. 16.311.000 og er miðað við þá fjárhæð í stofnfjárframlagi minningarsjóðsins hér framar.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra sérstökum stofnanda hans.

### 4. gr.

Megintilgangur sjóðsins skal vera sá að auka og eða bæta aðstöðu og aðbúnað vistmanna hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði. Með því er átt við að auka á fjölbreytni í lífi vistmanna m.a. með tómstundastarfi og fleiru í því augnamiði að auka lífsgæði ævirkvöldsins. Sjá nánar í 6. grein hér á eftir.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 einstaklingum. Stjórnina skipa Erna Fríða Berg, kt. 020938-3749, Eyrarholti 6, 220 Hafnarfirði og Sveinn Þorkell Guðbjartsson, kt. 280138-2669, Klettahrauni 5, 220 Hafnarfirði. Auk þess skal framkvæmdastjórn hjúkrunarheimilisins að Sólvangi tilnefna einn stjórnarmann. Erna Fríða og Sveinn Þorkell skulu velja sína eftirmenn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn sjóðsins. Undirskriftir stjórnarformanns auk eins stjórnarmanns þarf til að skuldbinda sjóðinn.

Stjórnin skal vinna að markmiðum sjóðsins og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi sjóðsins.

Stjórnarfundir skal halda a.m.k. tvisvar á ári. Formaður stjórnar boðar til funda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar skriflega og skal hann þá haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Hver sem er, bæði einstaklingar og lögpersónur, geta gerst hollvinir sjóðsins að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Hollvinir skulu hafa rétt til setu á aðalfundi stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

#### 6. gr.

Varðandi fasteignina að Lyngheiði 20 í Hveragerði skal stjórnin árlega gera sérstaka áætlun varðandi nýtingu hennar, þ.m.t. hvort einhver útleiga skuli vera til tekjuöflunar fyrir sjóðinn.

#### 7. gr.

Starfsemi sjóðsins verður fjármögnuð með vaxtatekjum, sölu á munum sem vistmenn hafa gert svo og gjöfum og framlögum frá einstaklingum og lögpersónum. Sjá einnig grein 6 hér framar.

#### 8. gr.

Aðalfund sjóðsins skal halda eigi síðar en 30. september ár hvert. Auk hans skal halda einn fund árlega að minnsta kosti. Skal hann haldinn í marsmánuði. Til aðalfundar og aukafundar skal boða skriflega með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Á fundunum skal hver stjórnarmeðlimur fara með eitt atkvæði. Seturétt á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt hafa auk þess hollvinir, ef einhverjir verða, en þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

Ef taka á til meðferðar á aðalfundi eða aukafundi tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði.

Viku fyrir aðalfund eða aukafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda, sé um aðalfund að ræða, hafa verið send stjórnarmönnum. Aðalfundur er ályktunarahæfur ef meira en helmingur meðlima stjórnar mæta á fund. Afl atkvæða meðlima stjórnar ræður úrslitum á aðalfundum nema aukins meirihluta sé krafist samkvæmt lögum og/eða skipulagsskrá þessari. Sjá nánar í 5. grein hér framar.

#### 9. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
4. Tilnefning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Starfsreglur stjórnar.
7. Önnur mál.

#### 10. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.

#### 11. gr.

Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar

á skipulagsskránni skulu berast stjórn með nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þarf 2/3 hluta atkvæða stjórnar til að samþykkja tillögu þar um.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Komi til þess að hjúkrunarheimilið Sólvangur verði sameinað annarri stofnun skal stjórnin álykta hvernig starfsemi sjóðsins verði þá háttað.

14. gr.

Komi til þess að sjálfseignarstofnunin Styrktarsjóður Sólvangs verði lögð niður, skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna aldraðra innan hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Fanney Óskarsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag 6. og 7. áfanga, í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 28. júní 2005 samþykkt deiliskipulag 6. og 7. áfanga, í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið felur í sér 31 frístundalóð, 2 bátaskýlislóðir, plan fyrir sorpgám og nýlagningu vega.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 11. september 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson**